


Leiðbeiningar fyrir fyrstu notkun – W4 Kaffivél



Leiðbeiningar:

- Setjið kaffibaunir í kaffibaunageyminn.
 - 1. Setjið innstunguna í samband.
 - 2. Kveikið á vélinni með On/Off takkanum.
 - Nú spyr vélin um tungumál. Til þess að fletta í gegnum tungumálamöguleika notið örvarnar á skjánum.
 - 3. Veljið English eða það tungumál sem á við.
 - Nú spyr vélin um Water Hardness, eða á Íslensku Vatnshörku.
 - 4. Notið örvarnar á skjánum þangað til þið fáið uppgengið „4 dH“ og ýtið á „Save“.
 - Næst segir vélin „Filter operation / Insert filter“.
 - 5. Setjið Claris Pro Smart+ filterinn í vatnstankinn. Loka filter haldaranum efst.
 - Nú kemur upp „Fill Water Tank“
 - 6. Fjarlægið vatnstankinn og fyllið hann af köldu vatni. Setjið svo vatnstankinn aftur í vélina.
 - Nú kviknar „Open switch.“
 - 7. Setjið glas eða ílát undir kaffistútana og snúið svo hjólinu framaná vélinni til vinstri (Hjólið er hægra megin við skjáinn á myndinni hér fyrir ofan).
- Þegar búið er að snúa hjólinu kemur „System is filling“. Eftir það biður hún um „Close Switch“ og þá snýrð þú hjólinu til baka í upphafsstöðu.
- Gefið vélinni smá stund á meðan hún stillir sig af.
 - Nú er vélin tilbúin til notkunar.

Stillingar á kaffidrykkjunum:

- Hægt er að stilla hitastig, kaffimagn og styrkleika á hverjum kaffidrykk fyrir sig. Til þess að gera það þarf að fara inn í stillingar.
1. Til þess að fara inn í stillingar veljið þið „P“ takkann á skjánum. Notið örvarnar til þess að fletta í gegnum skjásíðurnar, þangað til þið finnið möguleika sem heitir „Expert Mode“.
 2. Ýtið á „Expert Mode“ takkann til þess að fara inn í stillingar á kaffidrykkjunum.
 3. Nú getið þið valið þann kaffidrykk sem að þið viljið stilla. Hér getið þið breytt vatnsmagni í bolla, hitastigi og styrkleika.
- Við mælum með því að fara inn í „Coffee“ og láta breyta hitastiginu á kaffibollanum í „high“.